

## REGLUR

### um breytingu á reglum um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við Háskólann á Akureyri nr. 1207/2007.

#### 1. gr.

Í lok 1. kafla um gildandi lög og reglur um ráðningar, framgang og hæfismat bætist svohljóðandi ákvæði:

Háskólaráði er heimilt að útnefna heiðursprófessora við Háskólann á Akureyri samkvæmt tillögu deildarfundar. Heiðursprófessorar skulu vera þekktir, viðurkenndir sérfræðingar með framúrskarandi starfsferil á tilteknu sviði samfélagsins. Þeir skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði sem háskólakennarar að mati formanns dómnefndar og sinna stundakennslu við viðkomandi deild. Réttindi og skyldur akademískra prófessora eiga ekki við um heiðursprófessora.

#### 2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri og reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 466/2007. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 21. desember 2007.*

**Þorsteinn Gunnarsson** rektor.

\_\_\_\_\_  
*Sólveig Ása Árnadóttir,*  
varaforseti háskólaráðs.